

Miðvikudaginn 6. desember 1984.

Nr. 105/1983. **Haraldur Árnason**

(Hákon Árnason hrl.)

gegn

**Ingva Óðinssyni**

(Helgi V. Jónsson hrl.)

Samningar. Félag. Framkrafa.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Freyr Ófeigsson héraðsdómari kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. maí 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 sama dag. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó með þeirri breytingu, að vextir af hinni dæmdu fjárhæð verði ákveðnir 4.75% mánaðarvextir frá 3. mars 1981 til 1. júní s.á., 4.5% mánaðarvextir frá þeim degi til 21. apríl 1982, 4% mánaðarvextir frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 5% mánaðarvextir frá þeim degi til 21. október 1983, 4.75% mánaðarvextir frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 4% mánaðarvextir frá þeim degi til 21. desember s.á., 3.25% mánaðarvextir frá þeim degi til 21. janúar 1984, 2.5% mánaðarvextir frá þeim degi til 1. september s.á., og 2.75% mánaðarvextir frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Af þeim ástæðum, sem greindar eru í hinum áfrýjaða dómi, ber á það að fallast, að áfrýjanda hafi verið skylt gagnvart stefnda að greiða að hluta reikning þann vegna byggingar Núpasiðu 8, sem mál þetta er risið af. Og þar sem enginn ágreiningur er um það, að skipta eigi reikningsfjárhæðinni að jöfnu milli aðilja, ef áfrýjandi verður á annað borð talinn gagnvart stefnda meðábyrgur fyrir rekstri Hamars s/f, og þar sem ekki er neinn tölulegur ágreiningur um fjárhæð stefnukröfunnar að öðru leyti, þá ber að staðfesta hinn

áfrýjaða dóm, þó þannig, að vextir af dæmdri fjárhæð verði 42% ársvextir frá 25. mars 1981 til 1. júní s.á., 37% ársvextir frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 45% ársvextir frá þeim degi til 21. september 1983, 37% ársvextir frá þeim degi til 21. október s.á., 36% ársvextir frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% ársvextir frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% ársvextir frá þeim degi til 21. janúar 1984, en 19% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 12.000.00 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að vextir af dæmdri fjárhæð verði 42% ársvextir frá 25. mars 1981 til 1. júní s.á., 37% ársvextir frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 45% ársvextir frá þeim degi til 21. september 1983, 37% ársvextir frá þeim degi til 21. október s.á., 36% ársvextir frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% ársvextir frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% ársvextir frá þeim degi til 21. janúar 1984, en 19% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi, Haraldur Árnason, greiði stefnda, Ingva Óðinsyni, 12.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Akureyrar 29. október 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. október s.l., hefur Ingvi Óðinsson, Grundargerði 7 D, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 7. apríl 1981, á hendur Haraldi Árnasyni, Vallargerði 2 F, Akureyri. Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 11.140.10 auk 4.75% dráttarvaxta á mánuði eða broti úr mánuði frá 03.03.1981 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómsins.

Helstu málsatvik eru þau, að í ársbyrjun 1978 hófust viðræður milli stefnanda og Rögnvalds Reynissonar um stofnun byggingafyrirtækis til að

reisa hús. Síðar tók stefndi þátt í þessum viðræðum. Varð niðurstaðan sú, að fyrirtæki með nafninu Hamar s/f var stofnað og tilkynnt til firmaskrá Akureyrar með tilkynningu, dagsettri 1. maí 1978, þar sem aðiljar að því voru tilkynntir Rögnvaldur Reynisson og stefnandi, en stefndi taldi sig ekki geta tekið þátt í stofnuninni á þeim tíma sökum starfa sinna hjá Akureyrarbæ. Ekki var gerður skriflegur félagssamningur. Fyrirtækið Hamar s/f hóf þegar byggingastarfsemi bæði sem verktaki og byggingaraðili eigin íbúða til sölu. Tók fyrirtækið m.a. að sér smíði íbúða fyrir aldraða á vegum Akureyrarbæjar samkv. tilboði, ennfremur hófu þeir smíði tveggja raðhúsa á eigin vegum, Núpasíðu 6 og Núpasíðu 8. Með tilkynningu til firmaskrár Akureyrar, dagsettri 1. júlí 1979, tilkynnti Rögnvaldur Reynisson, að hann hefði hinn 1. janúar það ár gengið úr firmanu byggingaverktakinn Hamar s/f og væru skuldbindingar firmans eftir þann tíma honum óviðkomandi.

Frá upphafi og fram til þessa tíma hafði stefndi unnið að málefnum fyrirtækisins ásamt stefnanda og Rögnvaldi Reynissyni. Þegar Rögnvaldur Reynisson gekk úr firmanu var hugmynd þeirra félaga, að stefndi gerðist formlegur aðili að firmanu, og fóru fram viðræður um það. Á þessum tíma varð stefndi hins vegar afhuga aðild að firmanu, og lauk málum svo, að stefndi hætti afskiptum sínum af því. Í ljós kom, að rekstur firmans hafði á þessum tíma gengið illa, og var tap á verkum þess, svo sem byggingu íbúðanna fyrir aldraða og smíði raðhúsanna. Vildi stefnandi ekki una því að bera tap þetta einn, og fóru fram viðræður milli hans og stefnda um þátttöku stefnda í tapinu. Samkomulag tókst ekki með aðiljum, og hefur stefnandi höfðað mál þetta til að fá úr því skorið, hvort stefndi beri ábyrgð á rekstri firmans á framangreindu tímabili sem meðeigandi í því, og er það úrlausnarefnið í þessu máli.

Fjárhæð sú, sem stefnt er til greiðslu á, er samkvæmt reikningum, sem stefnandi hefur greitt vegna Núpasíðu 8, og er ekki ágreiningur um, að stefnda beri að greiða fjárhæð þessa, verði hann talinn hafa verið með-ábyrgur fyrir rekstri framangreinds firma. Þá eru aðiljar sammála um, að miða beri við helmingsábyrgð þeirra hvors um sig, þannig að hlutdeild áðurnefnds Rögnvalds Reynissonar í rekstrinum sé máli þessu óviðkomandi.

Stefnandi heldur því fram, að stefndi hafi þegar í upphafi gerst meðeigandi að fyrirtækinu, þótt ekki kæmi hann fram formlega fyrst í stað sökum starfa sinna hjá Akureyrarbæ. Það hafi hins vegar verið ákveðið, að stefndi kæmi formlega inn í félagið síðar. Stefndi hafi frá upphafi starfað við fyrirtækið sem eigandi þess, hann hafi tekið þátt í ákvörðunum og lagt félaginu til vinnu, peninga og ábyrgðir gagnvart skatti. Hafi hann talið sig meðeiganda í fyrirtækinu og verið skattlagður sem slíkur. Beri öll afskipti stefnda af fyrirtækinu þess vott, að hann hafi í raun verið meðeigandi þess. Beri

honum því að sínum hluta að standa undir því tapi, er á fyrirtækinu varð, og er krafa stefnanda í máli þessu á því reist.

Stefndi viðurkennir, að í upphafi hafi hann ætlað að gerast meðeigandi í fyrirtæki stefnanda og haft áhuga á því allt fram á árið 1979, er hann varð því afhuga. Hann hafi hins vegar aldrei gerst meðeigandi og aldrei undirritað nein skjöl í þá veru. Hafi hann verið starfsmaður Tækniteiknistofunnar og hafi vinna sú, er hann innti a hendi í þágu fyrirtækisins, verið vinna á vegum Tækniteiknistofunnar, sem selt hafi stefnanda bæði teiknivinnu og ráðgjafarþjónustu. Séu skuldbindingar fyrirtækis stefnanda sér því allsendis óviðkomandi, og er sýknukrafa stefnda á þessu reist.

Eins og að framan er rakið, tók stefndi þátt í viðræðum stefnanda og Rögnvalds Reynissonar um stofnun téðs fyrirtækis, og er það viðurkennt af stefnda, að ástæðan fyrir því, að hann gerðist ekki formlegur meðaðili í upphafi, hafi verið störf hans hjá Akureyrarbæ á þeim tíma. Ennfremur hefur stefndi viðurkennt að hafa ætlað að gerast formlegur meðeigandi síðar, eða þegar hann hætti störfum hjá Akureyrarbæ, en horfið frá því. Fram er komið í málinu, að stefndi annaðist margháttuð störf í þágu fyrirtækisins auk þess að taka þátt í ákvörðunum með stefnanda um málefni þess. Má þar nefna alla teiknivinnu, undirbúning að útboðum, samningsgerð, bæði að því er varðaði verksamninga og samninga um sölu íbúða, sem fyrirtækið byggði, svo og verðlagningu þeirra. Þá er fram komið, að stefndi hafði á hendi fjárreiður fyrir fyrirtækið, tók m.a. við greiðslum fyrir þess hönd og ráðstafaði þeim að einhverju leyti. Fram er komið, að stefndi lánaði fyrirtækinu fé. Þá veðsetti stefndi fasteign sína, Vallargerði 2 F, Akureyri, fyrir fjárhæð gkr. 6.000.000 til tryggingar verksamningi firmans við Akureyrarbæ. Ennfremur veðsettu þeir í félagi, stefnandi og stefndi, fasteignir sínar til tryggingar láni gkr. 8.000.000, sem firmað tók í Landsbanka Íslands. Þá er upplýst, að stefndi kom fram fyrir firmans hönd gagnvart Valtý Hreiðarssyni, sem annaðist bókhald fyrir félagið, og kveðst Valtýr hafa litið á hann sem einn af eigendum fyrirtækisins, og undirritaði stefndi skattframtal félagsins árið 1980, þar sem gefið er upp, að hann sé eigandi að helmingi í fyrirtækinu. Fyrirtækið varð hins vegar aldrei sjálfstæður skattaðili, og fóru fram bréfaskipti milli skattstofunnar og stefnda út af því, sem enduðu með því, að hann var persónulega skattlagður sem helmingseigandi í fyrirtækinu, að því er virðist án þess að gera við það nokkrar athugasemdir.

Þegar litið er til þess, sem nú hefur verið rakið, svo og annarra gagna málsins, sem eru í samræmi við það, þykir sannað að stefndi hafi með óformlegum hætti gerst eignaraðili að nefndu fyrirtæki, og ber hann ábyrgð á skuldbindingum þess samkvæmt því á þeim tíma, sem hér um ræðir, og breytir þar engu um, þótt ekki hafi verið send um það formleg tilkynning

til firmaskrár og eigi hafi verið gerður skriflegur félagssamningur, eins og áður er rakið. Ber samkvæmt því og með vísan til þess, sem áður er rakið um samkomulag aðilja um kröfufjárhæð og hlutdeild aðilja í fyrirtækinu, að taka kröfu stefnanda til greina að fullu, þó þannig, að vextir verða dæmdir í samræmi við breytingar á vöxtum frá útgáfu stefnu, þótt þeim hafi eigi sérstaklega verið mótmælt, þ.e. 4.75% mánaðarvöxtum (sic) frá 3. mars 1981 til 1. júní 1981, 4.5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 20. apríl 1982, en 4% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum þykir eiga að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 6.500.00.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Haraldur Árnason, greiði stefnanda, Ingva Óðinssyni, kr. 11.140.10 ásamt 4.75% mánaðarvöxtum frá 3. mars 1981 til 1. júní s.á., 4.5% mánaðarvöxtum frá þ.d. til 20. apríl 1982, en 4% mánaðarvöxtum frá þ.d. til greiðsludags, og kr. 6.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. desember 1984.

Nr. 85/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson rikissaksóknari)  
gegn

**Guðmundi Reyni Gunnarssyni**

(Jón Kr. Sólnes hrl.)

Þjófnaður.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Erlingur Óskarsson bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærvalds til